

## Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 10. október sl.

Á fund nefndarinnar komu Sturlaugur Tómasson frá félagsmálaráðuneyti, Elín Pálsdóttir frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og Páll Þórhallsson frá forsætisráðuneyti.

Í frumvarpinu kemur fram að heildargjöld félagsmálaráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 42.500 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð tæplega 2.000 m.kr. en þær nema 5,4% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Samkvæmt lögum nr. 109/2007 um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verður hluti almannatrygginga fluttur frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis frá og með 1. janúar 2008. Við 2. umræðu fjárlaga verða fluttar breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið miðað við breytt verkaskipti innan Stjórnarráðsins. Frumvarp um nýja verkaskiptingu er ekki komið til umfjöllunar félags- og tryggingamálanefndar og er því í þessari umsögn fyrst og fremst miðað við óbreytta verkaskiptingu.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð rúmar 9 m.kr. og hækka um 626,4 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 661,5 m.kr. til málefna fatlaðra og 71,4 m.kr. til málefna barna. Á móti koma 500 m.kr. sem eru áætlaðar hreinar vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra tekna af atvinnutryggingagjaldi. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar, alls um 17 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði. Rekstrarumfang ráðuneytisins hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum undanfarinna ára. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um samtals 285 m.kr. Rekstrargjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða því óbreytt eftir sem áður.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um tæpar 6 m.kr. og verða tæpar 30 m.kr. en eru tæpar 23 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Þyngst vegur 2,5 m.kr. framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs í samræmi við spá um aukið atvinnuleysi á árinu 2008.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður tæpar 2 m.kr. og er það rúmlega 1 m.kr. hækkan milli ára. Þar munar mest um 1.100 m.kr. skuldbindingu ríkissjóðs vegna niðurgreiðslu lána til leiguíbúða. Auk þess er gert ráð fyrir um 111 m.kr. til uppbyggingar búsetuúrræða fyrir geðfatlaða í samræmi við ákvæði 7. gr. laga nr. 133/2005.

Samningsbundnar greiðslur ráðuneytisins við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni eru samtals áætlaðar rúmar 3,1 m.kr. árið 2008. Það svarar til 24,7% af rekstargjöldum ráðuneytisins á árinu 2008.

### 07-400 Málefni barna

Heildarfjárveiting til málaflokksins hækkar um 71,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Þar af eru ný 50 m.kr. verkefni til að hrinda í framkvæmd nýjungum í meðferð fyrir börn og ungmenni með hegðunar- og vímuefnavanda, sem veitt skal utan stofnana og á vettvangi fjölskyldunnar og daglegs umhverfis, 10 m.kr. til eflingar neyðarvistar á Stuðlum og 1,4 m.kr. til húsnæðiskostnaðar á meðferðarheimilum.

### 07-190 Ýmis verkefni

Undir liðnum ýmis verkefni er gert ráð fyrir 9,5 m.kr. framlagi til að fylgja eftir aðgerðaráætlun vegna ofbeldis á heimilum.

Meiri hlutinn fagnar þingsályktunartillögu með aðgerðaaætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna, sem samþykkt var á sumarpingi, og telur brýnt að henni verði fylgt eftir með nægjanlegu fjármagni hjá hverju ráðuneyti fyrir sig en verkefni aðgerðaráætlunarinnar heyra undir mörg ráðuneyti.

### 07-700 Málefni fatlaðra

Heildarfjárveiting til málaflokksins hækkar um 734,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum og skýrist sú hækkun meðal annars af auknum rekstarkostnaði sem stafar af fjölgun búsetuúrræða fyrir geðfatlaða, 175 m.kr., tilraunaverkefni í þjónustu sjúklinga í öndunarvél í heimahúsum kr. 82 m.kr. og til að endurnýja þjónustusamninga við sveitarfélög, félagasamtök og einkaaðila um þjónustu við fatlaða, 40 m.kr.

Meiri hlutinn fagnar átaki um fjölgun búsetuúrræða fyrir geðfatlaða, en bendir á að framlag samkvæmt skiptingu á söluandvirði Landssíma Íslands hf. hefur ekki verið verðbætt né heldur viðbótarframlag úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, sjá athugasemd undir 07-795.

Meiri hlutinn telur brýnt að bæta búsetuþjónustu við fatlaðra með þroskahömlun og gera þarf ráð fyrir hækkun á framlögum til rekstrar til að sinna því verkefni og styrkja Framkvæmdasjóð fatlaðra.

### 07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Gert er ráð fyrir hækkun sem nemur 91,5 m.kr. að raungildi, þar af 70,5 m.kr. til að stytta biðtíma eftir þjónustu stöðvarinnar og 21 m.kr. til að efla þjónustu við börn með einhverfu og þroskaraskanir, en hvort tveggja er í samræmi við aðgerðaráætlun í málefnum barna og fagnar nefndin þessum fjárveitingum.

### 07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Meiri hlutinn fagnar átaki í búsetumálum geðfatlaðra en bendir á að framlög sjóðsins til annarrar búsetuþjónustu megi ekki skerðast. Efla þarf sjóðinn til að hann geti sinnt betur hlutverki sínu og tryggja úthlutun til búsetuþjónustu þroskahamlaðra.

### 07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Gert er ráð fyrir sérstöku tímabundnu 700 m.kr. framlagi í viðfangsefnið 1.11. sérstök viðbótarframlög til viðbótar 700 m.kr. fólksfækkunarframlagi sjóðsins. Framlagið er tímabundið til loka árs 2008 og er ætlað að koma til móts við þau sveitarfélög sem verst standa fjárhagslega vegna ytri aðstæðna.

### 07-900 Vinnumál

Atvinnuleysistryggingasjóður hækkar að raungildi milli ára um 1.965,2 m.kr., sem skýrist að mestu af áætlun um 2,9% atvinnuleysi í stað 1,9% atvinnuleysi samkvæmt fjárlögum 2007. Þá eru styrkir til fiskvinnslustöðva hækkaðir nokkuð. Framlag til Vinnumálastofnunar er hækkað um 10 m.kr. til að mæta kostnaði við framkvæmd laga um starfsmannaleigur.

Gera þarf ráð fyrir hækkun framlaga vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, (þskj. 174 - 162. mál), en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir 140 m.kr. framlagi á árinu 2008. Tillaga þess efnis mun koma fram á milli 2. og 3. umræðu um fjárlagafrumvarp. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Þá er hækkað framlag til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna um 50 m.kr., sbr. lög nr. 22/2006. Meiri hlutinn styður þann vilja ríkisstjórnarinnar að bæta hag langveikra barna og fjölskyldna þeirra. Meiri hlutinn vill þó benda á að nauðsynlegt sé að gera ráð fyrir almennum kostnaði í tengslum við málaflokkinn.

**Ýmislegt****07-313 Jafnréttisstofa**

Meiri hlutinn fagnar framkomnu frumvarpi um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, (þskj. 149 - 142. mál). Nefndin vill þó benda á nauðsyn þess að gera ráð fyrir fjármagni til að standa straum af kostnaði við þær breytingar sem kunna að verða samþykktar.

**07-205 Leiguíbúðir - húsnæðismál**

Gert er ráð fyrir 1.100 m.kr. tímabundinni fjárlagaheimild vegna skuldbindinga ríkissjóðs til niðurgreiðslu vaxta af lánum sem veitt verða á árinu 2008 til byggingar 400 leiguíbúða.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að fylgja þessu átaki vel eftir. Bent skal á að nefnd um úrræði í húsnæðismálum er að störfum og skilar álitni á næstu vikum, en gera má ráð fyrir tillögum frá henni, sem gætu haft áhrif á fjárlög 2008 til hækkunar.

**07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**

Fagna ber 33 m.kr. hækkun á viðfangsefni 1.55, átak í vímuvarnamálum, en það er þriðjungur af 100 m.kr. framlagi sem skiptist á þrjú ráðuneyti.

Við afgreiðslu fjárlaga þarf að athuga sérstaklega hvort gera þarf ráð fyrir frekari framlögum til að efla þjónustu við innflytjendur, m.a. einstaklinga sem missa atvinnuna vegna aflasamdráttar. Gera þyrfti ráð fyrir auknu framlagi til Fjölmenningssetursins á Vestfjörðum í þessu skyni.

**07-999-1.90, safnliður, Ýmis framlög.**

Fjárbeiðnir, sem sendar voru til umsagnar félags- og tryggingamálanefndar, voru samtals 35 og komu 26 aðilar á fund nefndarinnar.

Rétt er að vekja athygli á að í fjárlögum eru tilgreind nokkur félög eða samtök sem fá styrk (07-999, liðir 1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir fatlaða 28,7 m.kr., 1.35 Félag heyrnalausra 9,2 m.kr., 1.36 Félagið Geðhjálp 21 m.kr., 1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða 10 m.kr., Kvennathvarfið í Reykjavík 33,5 m.kr., 1.41 Stígamót 32,4 m.kr., 1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili 24 m.kr., 1.44 Athvarf fyrir heimilislausu 30,5 m.kr., 1.47 Félagsþjónusta við nýbúa 3,3 m.kr., 1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum 17,3 m.kr.) Þá er listi yfir félög og stofnanir sem hafa skuldbindandi samninga við ráðuneyti félagsmála- og/fjármálaráðuneyti. Nokkrir þessara aðila sækja jafnframt til fjárlaganefndar, erindi sem send voru félags- og tryggingamálanefnd til umsagnar.

Athygli vekur að samningur um rekstur Foreldrahúss við Vímulausa æsku fellur niður 2008, en félagið sækir um rekstrarstyrk að upphæð 10 m.kr. fyrir húsnæði, foreldrasíma og námskeiðahald og eftirmeðferð fyrir ungt fólk. Taka þarf afstöðu til hvar slíkur styrkur verði færður, en mælt er með gerð nýs samnings að upphæð 10 m.kr. fyrir húsnæði og rekstur.

Barnaheill fær einnig styrk samkvæmt samningi 1,1 m.kr. en Barnaheill sækir jafnframt til nefndarinnar og er mælt til að þetta verði sameinað í 3,5 m.kr. Múlalundur er með 18,6 m.kr. samkvæmt samningi en sækir jafnframt til nefndarinnar. Mælt er með hækkun á framlagi í samning.

Þá eru nokkur samtök sem fá styrki samkvæmt liðnum 07-999-1.98, ýmis framlög félagsmálaráðuneytis og eru þau eftirfarandi: Sjónarhóll fengi samkvæmt frumvarpinu 15,5 m.kr. en sækir jafnframt til fjárlaganefndar. Litið er svo á að ráðuneytið hafi orðið við erindinu. Samtökin 78 fá sömuleiðis 1,5 m.kr. frá ráðuneytinu, en sækir einnig til nefndarinnar um 6,5 m.kr. Mælt er með hækkun á þessum lið ráðuneytisins. Nefndin telur að beiðni Ekron starfsþjálfunar, sé of umfangsmikill og vísar því henni til fjárlaganefndar.

Meiri hlutinn skoðaði sérstaklega lið 07-999-1.90, Ýmis framlög, kr. 77,6 m.kr. og gerir tillögu um skiptingu á milli umsækjenda, að teknu tilliti til þess sem að framan sagði. Skjal fylgir álitni hvað varðar skiptingu safnliða. Við skiptinguna var sérstaklega horft til félaga og samtaka sem leggja áherslu á jafnréttismál, baráttu gegn kynbundnu ofbeldi og vímuvarnamál.

Alþingi, 13. nóv. 2007  
Guðbjartur Hannesson, form.  
Ármann Kr. Ólafsson, varaform.  
Árni Johnsen.  
Ásta R. Jóhannesdóttir.  
Jón Gunnarsson.  
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.  
Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.

Athugasemd frá Kristni H. Gunnarssyni:

Nefndarmaður telur nauðsynlegt að Alþingi setji nánari reglur í löggjöf um ráðstöfun sérstakra framlaga úr Jöfnunarsjóði.

Athugasemd frá Pétri H. Blöndal:

Nefndarmaður lagði áherslu á nauðsyn þess að þjónustusamningar verði gerðir á milli opinberra aðila og þeirra félaga / stofnana sem óska eftir fjárframlögum úr ríkissjóði ár eftir ár. Slíkir samningar myndu annars vegar skilgreina það verkefni sem fjármagna á úr opinberum sjóðum og hins vegar taka á eftirliti og eftirfylgni með verkefninu.

Þá hefur nefndarmaðurinn efasemdir um hæfni þingmanna og tíma til að setja sig með viðhlítandi hætti inn í fjölbreyttan rekstur þeirra fjölda félaga/stofnana sem fá fjárveitingar á safnliðum til þess að meta þörf þeirra fyrir fjárveitingar.

Veigamesta athugasemdin varðar þó eftirlitskyldu löggjafarsamkundunar með framkvæmdvaldinu. Þær framkvæmdir, sem Alþingi ákveður sjálf fjárveitingar til, getur það ekki gagnrýnt. Það er því engin sem hefur eftirlit með þeim útgjöldum ríkissjóðs.